

10. febrúar 2023

Áskorun til framkvæmdastjórnar og forstjóra Landspítala

Fagráð tekur undir áhyggjur stjórnar Félags sjúkraþjálfara af stöðu sjúkraþjálfunar á Landspítala vegna mannekle, álags, starfsaðstöðu og framtíðarsýnar spítalans á sjúkraþjálfun.

Á Landspítala er veitt sérhæfð sjúkraþjálfun í samvinnu við aðrar fagstéttir. Landspítali er fjölmennasti vinnustaður sjúkraþjálfara á landinu. Þrátt fyrir áherslur núverandi heilbrigðisráðherra um að leggja ríkari áherslu á endurhæfingu og aukna eftirspurn eftir þjónustu sjúkraþjálfara, sýna töluleg gögn að endurhæfingarþjónusta hefur dregist saman á Landspítala þ.e. fækkun á stöðugildum sjúkraþjálfara um 13,6 % árunum 2017-2022.

Framboð á sjúkraþjálfun hefur áhrif á fjölda legudaga sjúklinga og vöntun þess dregur úr skilvirkum og öruggum útskriftum. Þessi staða heftir auk þess möguleika spítalans til að uppfylla hlutverk sitt sem háskólasjúkrahús sem á að sinna þjálfun og klínískri kennslu nema í sjúkraþjálfun. Nýliðun stéttarinnar er þannig í hættu sem eykur enn á mönnunarvandann.

Einnig er mikilvægt að æskileg aðstaða til sjúkraþjálfunar á Landspítala verði tryggð, ekki síst á nýjum spítala.

Fagráð Landspítala skorar á forstjóra og framkvæmdastjórn Landspítala að grípa til aðgerða til að gera Landspítala að eftirsóknarverðum vinnustað fyrir sjúkraþjálfara. Mönnun og starfsaðstaða skipta þar miklu máli.

Fyrir hönd fagráðs Landspítala

Marta Jóns Hjördísardóttir

Marta Jóns Hjördísardóttir formaður
martjons@landspitali.is